Kynningaruppdráttur
Kópavogsbær

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kópavogsdals - útivistarsvæði.
Nýr æfingavöllur með lýsingu.

Breyting skv. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010
One 2402169



Hluti gildandi deiliskipulags, Knatthús í Smáranum, samþykkt 28.02.2001



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi



Úr Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Ekki í kvarða
Samþykkt 28.9.2021. Staðfest 28.12.2021.

SKÝRINGAR
- Afmörkun deiliskipulagsbreytingar
- Fótboltavöllur (lagður gervigrasi)
- Girðing
- Ljósamastur (leiðbeinandi staðsetning)
- Kvöð um trjágróður
- Hæðarlínur
- Byggingarreitur
- Byggingar
- Vegir og bílastæði
- Aðkoma neyðarbíla
- Göngu- og hjólastígar

Ferill máls:

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í sveitarstjórn þann _____ 202__.

_____
Gildistaka breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____202__.

GREINARGERÐ

INNGANGUR
Lögð er til breyting á samþykktu deiliskipulagi, *Kópavogsdalur - útivistarsvæði*, frá maí 1990 með síðari breytingum. Afmörkun deiliskipulagsbreytingar er um 3 ha að stærð og snýr að nýjum æfingavelli við Fífuna, íþróttahús Breiðabliks. Breytingin felur í sér upphitaðan gervigrasvöll, uppsetning fjögurra ljósamastra með LED lýsingu, girðingu, aukna byggingarheimild Fífunnar, breytta legu bílaplans, kvöð um gróður og nýjan byggingarreit fyrir tæknirými.

FORSENDUR AÐALSKIPULAGS
Breytingartillagan er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Samþykkt í bæjarstjórn 28.9.2021 og staðfest 28.12.2021. Svæðið er á reitnum ÍÞ4, sem er um 17 ha svæði.

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI
Í breytingunni felst nýr æfingavöllur á Fífuvelli, vestan við Fífuna, til að bæta og auka nýtingu æfingasvæðis Breiðabliks. Völlurinn verður upphitaður æfingavöllur lagður með gervigrasi í samræmi við alþjóðlega staðla, hvað varðar stærð og gerð. Völlinn má girða af með að hámarki fjögurra metra girðingu sem samsvarar öryggissvæði KSÍ, 120 x 85 m.
Flóðlýsing: Fjögur ljósamöstur verða staðsett við hvert horn vallarins, sbr. breytingaruppdrátt. Leyfileg hámarkshæð þeirra eru 21.3 m. Notast verður við LED flóðljós með góðri afskermingu. Hægt er að stýra ljósstyrk þeirra. Lýsingin uppfyllir alþjóðlega staðla, sem og íslenskan staðal (ÍST EN 12193:2007). Ljósstyrkur verður að jafnaði 200 LUX en að hámarki 300 LUX á keppnisleikjum 2. flokks og meistaraflokks.
Byggingarreitir: Leyfilegt byggingarmagn Fífunnar knatthúss hækkar úr 10.000 m² í 10.200 m² fyrir boltageymslu. Nýr byggingarreitur fyrir tæknirými er allt að 45 m², ásýnd þess skal vera svo minnst beri á því (leiðbeinandi staðsetning á uppdrætti). Heimilt er að steypa fyrir tveimur varamannaskýlum innan girðingar gervigrasvallarins. Bílaplan sunnan við völlinn minnkar í samræmi við völlinn, öryggissvæðið og gróður. Kvöð er um gróður líkt og uppdráttur greinir frá, núverandi gróður helst óbreyttur. Aðkoma neyðarbíla vestan við Fífuna helst óbreytt.
Eldri skilmálar haldast óbreyttir.

UMGENGNISREGLUR
Farið verður eftir samþykktri tímatöflu Breiðabliks um notkun flóðlýsingar.
Lýsing verður ekki í notkun frá 2. apríl til 15. ágúst.
Ljós skulu slökkt í síðasta lagi kl. 22:30 á virkum dögum

UMHVERFISSKÝRSLA
Grenndaráhrif vegna lýsingar eru talin óveruleg eða engin skv. útreikningum.
Aukning birtustigs sem mælist utan leikvangsins er 0-1 LUX.
Breytingartillagan er ekki talin hafa áhrif á aðra umhverfisþætti.

Skýringarmynd, núverandi staða ásamt mörk skipulagsbreytinga

Skipulagsgögn: Fylgir uppdrætti aðskilin greinargerð.
Kortagrunnar: Heimild fyrir þeim grunnum og gögnum sem notuð eru fyrir uppdráttinn.
Hnitakerfi: [ISN93]. Kvarði: 1:2.000 [A3].

Breyting	Dags.	Tilefni	Skipulag

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 24132_DSK_T_U_01 Dags.: 29.02.2024
Skipulag: VV Yfirf.: HTT

UNNIÐ FYRIR:
Kópavogsbæ

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10.2026